



## Minnisblað

Móttakandi: Bæjarráð Vestmannaeyja

Dags.: 13.07.2026

Sendandi: Jón Pétursson framkvæmdastjóri  
fjölskyldu- og fræðslusviðs

Málsnr.: 202606059

**Efni: Heimsendur matur til eldri borgara - útboð**

---

Consensa, fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar óskaði eftir tilboðum í framleiðslu og afhendingu máltíða fyrir eldri borgara Vestmannaeyjabæjar skv. skilmálum útboðslýsingar. Um var að ræða framleiðslu og afhendingu hádegisverðar heim til þeirra sem eiga rétt á heimsendum mat samkvæmt reglum sveitarfélagsins. Tilboðsfrestur var til 10. júlí sl.

Eitt tilboð barst en það var frá AR veitingar ehf. (Vöruhúsið).

Hljóðaði tilboðið upp á kr. 29.455.500,- sem er 96% af kostnaðaráætlun

Consensa hefur metið tilboðið gilt.

Til upplýsingar var kostnaður ársins 2025 vegna heimsendis matar til eldri borgara 34,2 milljónir og dróst saman um 2,9 milljón frá árinu á undan.

Virðingarfyllt

Jón Pétursson sviðsstjóri  
fjölskyldu- og fræðslusviðs